



Til umhverfis- og samgöngunefndar

Kópavogi, 10. ágúst 2022
22067532/510.00 BR

Efni. Rafhleðsla ökutækja í Kópavogi – umsögn umhverfissviðs

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 5. júlí 2022 var lagt fram erindi Hákons Gunnarssonar varabæjarfulltrúa dags. 26. júní 2022, þar sem óskað er eftir yfirferð á stefnu Kópavogsbæjar í rafhleðslumálum ökutækja fyrir almenning. Umhverfis- og samgöngunefnd vísaði málinu til umsagnar umhverfissviðs.

Á 2983. fundi bæjarráðs þann 19. desember 2019 var lagt fram umsögn sviðsstjóra umhverfissviðs og deildarstjóra gatnadeildar um fyrirspurn um styrk til uppsetningar hleðslustöðva rafbíla í séreignarhluta við fjöleignahús sem var hafnað með þeim rökum að um væri að ræða uppsetningu á hleðslustöðvum sem myndu skilgreinast sem séreign viðkomandi þinglýsts eiganda en ekki sameign húsfélags.

Á 3007. fundi bæjarráðs þann 18. júní 2020 var lagt fram erindi deildarstjóra gatnadeildar þar sem óskað var heimildar bæjarráðs til að ganga til samninga við Veitur ohf. vegna uppsetningar hleðslustöðva í bæjarlandi Kópavogs skv. framlögðum samningsdrögum. Einnig var óskað heimildar bæjarráðs til að bjóða út í opnu útboði innkaup og rekstur á hleðslustöðvum í Kópavogi og lagt fram minnisblað um fyrirkomulag útboðs á hleðslustöðvum í bæjarlandi Kópavogs. Afgreiðslu málsins var frestað í kjölfar umræðna þar sem vilji var hjá bæjarráði að fjölga og stækka hleðslustöðvum enn frekar en gert var ráð fyrir í samningnum. Við nánari skoðun var ljóst að fjölgun og stækkun hleðslustöðva myndi kalla á verulegan umframkostnað við lagningu og stækkun rafstrengja sem Veitur voru ekki tilbúnir til að samþykkja. Á sama tíma var kærúmal í gangi þar sem Ísorka kærði samning sem Reykjavíkurborg gerði við ON í kjölfar útboðs um uppsetningu hleðslustöðva en það mál var lykta leitt með dóm hæstaréttar í júní 2022.

Kópavogsbær hefur ekki markað sér stefnu varðandi uppsetningu hleðslustöðva til almenningsnota á bæjarlandi, né markað sér stefnu hvort styrkja eigi húsfélög til uppsetningu hleðslustöðva innan lóðamarka sinna á sameignarsvæði. Reykjavíkurborg eitt sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu hefur veitt styrki til slíkrar uppsetninga í samvinnu við OR og Veitur, en styrkurinn er eingöngu veittur til fjöleignarhúsa með fimm íbúðum eða fleiri skv. Þjóðskrá Íslands. Hámarksupphæð til hvers húsfélags er 1,5 m.kr. en þó aldrei meira en sem nemur 67% af heildarkostnaði verksins. Akraneskaupstaður og OR hafa einnig komið sér saman samskonar styrk með sömu skilyrðum og í Reykjavík.

Áður en lengra er haldið með vinnu við uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla þarf Kópavogsbær að markað sér stefnu í þessum málum. Annarsvegar stefnu í uppsetningu hleðslustöðva á bæjarlandi til frjálsra afnota almennings og hinsvegar stefnu varðandi styrkveitingar til húsfélaga varðandi uppsetningu hleðslustöðva innan lóðarmarka fjöleignarhúsa sem einungis eru til afnota viðkomandi íbúa. Fátt er til



fyrirstöðu til að hefja uppsetningu hleðslustöðva á bæjarlandi annað en samþykkt stefna í þá veru. Hægt væri að hefja slíka uppbyggingu á komandi ári að því gefnu að samþykkt stefna og fjárhagsheimild liggi fyrir við áramót.

Virðingarfyllst,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar